

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1044

Dagsetning: 29. október 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 22. október 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Kjaraviðræður lækna og verkfall kennara

Rætt var um stöðuna á kjaraviðræðum lækna og undirbúning verkfallsaðgerða. Undirbúa þarf skilaboð til starfsfólks ef til verkfalls kemur svo skýrt sé hverjir eru á undanþágu og hvaða verkefnum má sinna í verkfalli. Þá þarf að tryggja að undanþágulistar séu tilbúnir. Einnig var rætt um verkfall kennara, sem hófst í nokkrum skólum þann 29. október. Ákveðið var að koma skilaboðum til starfsfólk og stjórnenda þar sem fram kemur að geti starfsfólk ekki komið til vinnu vegna verkfallsins verði það að nota orlofsdaga eða taka launalaust leyfi..

4. Heilsustyrkur fyrir tímavinnufólk

Rætt var um heilsustyrk fyrir tímavinnufólk í kjölfar ábendingar. Samkvæmt verklagsreglum á starfsfólk sem ráðið er í vinnu og hefur starfað í sex mánuði eða lengur á rétt á því að fá heilsustyrk. Rætt var um að yfirfara verklagsreglur svo skýrt sé að þær eigi við um alla sem eru í ráðningarsambandi, hvort sem viðkomandi er fastráðinn, með tímabundinn samning eða tímavinnusamning.

5. Leiðtogi félagsráðgjafa

Tímabundin ráðning leiðtoga félagsráðgjafa rennur út um áramót. Afar góð reynsla hefur verið af því að hafa leiðtoga félagsráðgjafa að störfum hjá HH og því ákveðið að auglýsa stöðuna og ráða ótímabundið. Einnig var rætt um hvort heppilegra væri að staðan heyri undir framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu í stað framkvæmdastjóra lækninga.

6. Bólusetningar við influensu

Rætt var um bólusetningar við influensu sem nú eru í gangi. Börn að fjögurra ára aldri eru í forgangshópi en skila sér lítið í bólusetningu. Ákveðið var að senda skilaboð á foreldra barna sex mánaða til fjögurra ára til að minna á bólusetningarnar.

7. Húsnæðismál

Rætt var um fyrirhugaðan flutning Geðheilsuteymis taugabroskaraskana í Skógarhlíð 18. Eigendur fasteignarinnar munu breyta húsnæðinu svo það henti starfseminni og mikilvægt að koma þeirri vinnu af stað sem fyrst. Einnig var rætt um húsnæði Heilsugæslunnar Miðbæ. Erfiðlega gengur að finna nýtt húsnæði á upptökusvæði stöðvarinnar. Framkvæmdastjórn leggur mikla áherslu á að vinna við endurbætur á núverandi húsnæði hefjist sem fyrst.

8. Þáttaka HH í Mentor verkefni

Rætt var um Mentor-verkefnið, alþjóðlegt samvinnuverkefni sem embætti landlæknis heldur utan um en HH er tekur þátt í. Embætti landlæknis óskar eftir því að gerður sé formlegur samningur um aðild HH að verkefninu.

Aðgerðir og verkefni

- Undirbúa þarf skilaboð til starfsfólks komi til verkfalls lækna og tryggja að undanþágulistar séu uppfærðir, sjá lið 3.
Ábyrgð: SKP
- Upplýsa þarf starfsfólk tengt verkfalli kennara, sjá lið 3.
Ábyrgð: BJ
- Tryggja þarf að starfsfólk launadeildar og stjórnendur séu meðvituð um reglur um heilsustyrk og uppfæra verklagsreglur, sjá lið 4.
Ábyrgð: SKP
- Auglýsa þarf stöðu leiðtoga félagsráðgjafa, sjá lið 5.
Ábyrgð: SKP
- Senda þarf skilaboð á foreldra barna sex mánaða til fjögurra ára til að minna á bólusetningu við influensu, sjá lið 6.
Ábyrgð: RÖE
- Semja þarf um leigu á húsnæði í Skógarhlíð 18 fyrir Geðheilsuteymi taugabroskaraskana, sjá lið 7.
Ábyrgð: HP
- Koma þarf vinnu við úrbætur á húsnæði Heilsugæslunnar Miðbæ af stað og vinna áfram að því að fá nýtt húsnæði, sjá lið 7.
Ábyrgð: HP
- Undirbúa þarf gerð samnings um Mentor-verkefnið við embætti landlæknis, sjá lið 8.
Ábyrgð: ÍDH

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:10